

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 37/2008**

**frá 14. mars 2008**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 frá 11. júlí 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 um tölfraðilega skráningu erlends vinnuafls <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 862/2007 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

18. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76) XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32007 R 0862**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 frá 11. júlí 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 um tölfraðilega skráningu erlends vinnuafls (Stjtið. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 23).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 862/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 39, 14.2.1976, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.